

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hornafirði, 6. janúar 2021
nr. erindis 202011118

Málefni: Drög að umsögn

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar um tillögu að viðauka við Landskipulagsstefnu í tölvubréfi þann 13. nóvember 2020.

Almennt er það álit sveitarfélagsins að stefnan sé vel og faglega unnin og þar séu sett fram markmið og áætlanir í skipulagsgerð sem séu metnaðarfull og í takt við tímann. Fyrir hönd sveitarfélagsins vill undirrituð nota tækifærið og þakka góðar kynningar á auglýsingartíma tillögunnar og gott aðgengi að starfsmönnum Skipulagsstofnunar og góð svör við fyrirspurnum. Það sem helst vekur upp áhyggjur er aukinn kostnaður og hugsanlega aukið flækjustig við skipulagsgerð sveitarfélagsins. Það er því mikilvægt að unnið sé markvisst að því að safna grunngögnum til skipulagsgerðar og hraða gerð þeirra leiðbeininga sem fjallað er um í tillögunni.

Vegna einstakra kafla:

Vegna **kafla 4** í tillögunni hefur sveitarfélagið ekki athugasemdir en fagnar því að strandsvæðaskipulag verði unnið út frá heildstæðu mati á þörf á vegum Skipulagsstofnunar.

Í **kafla 5** í tillögunni, um loftslagsmiðað skipulag, telur sveitarfélagið að þar sé sett fram stefna um mikilvæga þróun í skipulagsgerð og í átt til umhverfisvænni byggðar. Mikilvægt er að leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að söfnun grunnupplýsinga og mati á áhrifum á loftslag og viðnámsþrótt séu settar fram sem fyrst og að tryggt verði að þær miði ekki bara að stærri þéttbýlum heldur taki einnig á dreifðum byggðum, bæði dreifbýli og dreifðum byggðakjörnum.

Í tengslum við loftslagsvænar samgöngur og skipulag og uppbyggingu innviða vill sveitarfélagið benda á að uppbygging innviða vegna samgönguæða fyrir vistvæna ferðamáta í dreifbýli, strandar líklega ekki á vilja til verka heldur á því að kostnaður vegna þessara innviða er sligandi fyrir landstór og fámenn sveitarfélög. Kostnaðurinn lendir að mestu leiti á sveitarfélögunum sjálfum, en engar tekjur koma á móti. Mikilvægt er að leitað verði leiða til að styrkja sveitarfélög til slíkra framkvæmda og ætti það að falla undir verkefni annarra stjórnvalda í stefnunni.

Um loftslagsvæna landnotkun í kafla 5.3. telur sveitarfélagið mikilvægt að í upplýsingagátt fyrir stefnumótun um loftslagsvæna landnotkun sé unnið yfirlit um ástand lands á landsvísu með tilliti til kolefnisbúskapar sem sveitarfélög geti byggt á við skipulagsgerð sína.

Í kafla 5.4. er fjallað um byggð með viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum m.a. náttúruvá. Þetta er mjög mikilvægt verkefni og telur sveitarfélagið að tilefni sé til að auk þess að vinna leiðbeiningar um efnið væri æskilegt að gert yrði ráð fyrir að hætta á náttúruvá sé sett fram í aðalskipulagi, umfram það sem nú þegar er gert, og haldið utanum þau gögn á

landsvísu. Hættumat vegna hinna ýmsu mögulegu viðburða eru víða til en í mörgum skýrslum og mis aðgengilegar.

Í **kafla 6** er fjallað um landslagsvernd. Í því samhengi hefur verið unnin greining á landslagi yfir allt landið og fögnum við því. Sveitarfélagið telur fullt tilefni til að halda áfram með það verkefni og vinna frekari greiningu líkt og gert hefur verið með góðum árangri í Skotlandi og á fleiri stöðum.

Athygli vekur að í kafla 6.1.4. er fjallað um ákvarðanir um uppskiptingu lands og bendum við á að um er að ræða eignir og eignarréttur og yfirráðaréttur er mjög sterkur í íslenskum lögum. Sveitarfélagið telur að skýra verði betur hvernig uppfylla eigi þetta ákvæði þar sem aðalskipulag fjallar ekki um eignarhald lands heldur landnotkun.

Sveitarfélagið Hornafjörður telur óheppilegt að kafla um nýtingu vindorku hafi verið felldur út úr kynningargögnum.

Í **kafla 7** um heilsuvæna byggð og landnotkun viljum við ítreka að mikilvægt er að tryggja fjármögnun á uppbyggingu innviða fyrir virkan ferðamáta.

Sveitarfélagið Hornafjörður vill sérstaklega fagna áherslu á samráð við skipulagsgerð og fyrirhugaðri vefsja um skipulag og framkvæmdir. Sveitarfélagið leggur áherslu á að í framhaldi af opnun slíkrar gáttar sé tilefni til að endurskoða og einfalda málsmeðferð. Mikilvægt er að tryggt verði fjármagn til þróunar og starfrækslu gagnagáttarinnar og að haft sé samráð við væntanlega notendur gáttarinnar bæði sveitarfélög, umsagnaraðila og íbúa. Mikilvægt er að tryggja að gáttin verði notendavæn og til þess fallin að auðvelda íbúum að leggja fram athugasemdir og tillögur við skipulagsgerð.

Að lokum er bent á að það er ekki að ástæðulausu að Sveitarfélagið Hornafjörður hefur áhyggjur af kostnaðarauka við skipulagsgerð í framhaldi af samþykkt tillögunnar. Eftirfarandi eru dæmi um auknar kröfum um gagnaöflun og atriði sem valda auknum kostnaði fyrir sveitarfélög: söfnun grunnagna vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, mat á ástandi lands með tilliti til kolefnisbúskapar, greining áskorana vegna loftslagsbreytinga, kortlagning flóðasvæða, flokkun landbúnaðarlands á grundvelli nýrra leiðbeininga, staðbundin kortlagning víðerna, mat á lýðheilsuáhrifum, mat á loftslagsáhrifum og ef til vill er fleira sem telja mætti upp. Það er mikilvægt að skoðað sé hvort ekki sé tilefni til þess í einhverjum tilfellum að gögnum sé safnað samræmt yfir landið og haldið utan um í gagnagátt fyrir skipulagsgerð. Það er þekkt vandamál hjá þeim sem vinna í skipulagsgerð á Íslandi að skortur sé á samræmdum grunnögnum hefur háð okkur og það er mikilvægt að tekið sé á því og byggður upp öflugur gagnagrunnur fyrir ýmsa þætti á landsvísu sem nýtast í skipulagsgerð sveitarfélaga.

Það er ljóst að í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu er fjallað um mikilvæg málefni sem er að miklu leiti mikil sátt um í samfélaginu.

Virðingarfyllst

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*